

**Nd.**

**679. Nefndarálit**

[123. mál]

um frv. til laga um hollustuhætti og hollustuvernd.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á 13 fundum og leitað álits fjölmargra sérfróðra manna, sem komu á fundi með nefndinni. Nær alla fundi nefndarinnar sátu Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður undirbúningsnefndar laganna, og Þórhallur Halldórsson framkvæmdastjóri, sem einnig sat í nefndinni.

Fjöldi umsagna barst nefndinni, auk þess sem allir þeir aðilar, er að hollustumálum starfa, höfðu fengið drög að frumvarpinu send og skilað álit, sem fullt tillit var tekið til.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem lagðar verða fram á sérstöku þingskjali. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. apríl 1981.

Guðrún Helgadóttir,  
form., frsm.

Jóhann Einvarðsson,  
fundaskr.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Pétur Sigurðsson.

Pálmi Jónsson.

Magnús H. Magnússon.

Matthías Bjarnason.